

Álagning gjalda í Hvalfjarðarsveit 2015

1. Útsvar

Álagningargjaldstig útsvars á tekjur ársins 2015 er 13,64%

2. Álagning fasteignagjalda árið 2015.

Fasteignaskattur;

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 segir, að allar fasteignir sem metnar eru af Fasteignaskrá Íslands skuli árlega leggja á skatt til sveitarfélagsins þar sem fasteignin er.

Fasteignaskattur A-flokkur 0,44%

Fasteignaskattur B-flokkur 1,32%

Fasteignaskattur C-flokkur 1,65%

Lóðarleiga í þéttbýli 2 % af fasteignamati.

Sorphirðugjald

Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis kr. 18.940.

Sorphirðugjald vegna sumarhúss kr. 10.420.

Gjöld voru uppreiknuð miðað við vísitölu í jan. 2015.

Sorpurðunargjald

Sorpurðunargjald vegna íbúðar og sumarhúsa kr. 1.580.

Gjöld voru uppreiknuð miðað við vísitölu í jan. 2015.

Rotþróargjald

Rotþróargjald er kr. 8.390,- og er árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa á hvert íbúðarhús og sumarhús. Rotþrærnar sjálfar eru tæmdar þriðja hvert ár. Þriðjungur kostnaðarins er innheimtur á hverju ári. Gjöld voru uppreiknuð miðað við vísitölu í jan. 2015.

Gjalddagar fasteignagjalda

Gjalddagar fasteignagjalda verða 7 talsins á mánaðarfresti 15. hvers mánaðar. Í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, og ágúst. Fyrsti gjalddagi 15. febrúar. Ef álagning er 25.000 kr. eða minna er einn gjalddagi 15. maí.

Elli- og örorkulífeyrisþegar:

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur.

Ekki þarf að sækja um lækkun, gerður vélrænn samanburður

tekna samkvæmt fyrirliggjandi skattframtali. Örorkulífeyrisþegar þurfa að leggja fram örorkuskírteini.

Afsláttur vegna einstaklinga:

Tekjumörk :			Afsláttur :
0	-	2.809.000	100%
2.809.001	-	3.074.000	80%
3.074.001	-	3.349.600	50%
3.349.601	-	3.996.200	25%

Afsláttur vegna hjóna:

Tekjumörk :			Afsláttur :
0	-	4.452.000	100%
4.452.001	-	5.088.000	80%
5.088.001	-	5.406.000	50%
5.406.001	-	5.618.000	25%